

Skipulagsstofnun
Valur Klemensson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



Reykjavík 30. mars 2016
UST201603-105/B.S.
08.14.00

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - búnaður í sláturhús B. Jensen. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 8. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Hér er um að ræða búnað til að brenna áhættuvefjum við háan hita í samræmi við reglugerð Evrópuþingins nr. 1774/2002. Einungis verða brenndir áhættuvefir sem falla til við slátrun og er talið að magnið geti orðið allt að 6 tonnum á sólarhring þegar mest lætur.

Samkvæmt upplýsingum frá framleiðanda mun búnaðurinn uppfylla viðmið í Evrópulöggjöf um útblástur. Umhverfisstofnun telur að gera hefði átt grein fyrir meðhöndlun ösku að brennslu lokinni.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að uppsetning og notkun á umræddum búnaði muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Teymisstjóri